



Bændaskólinn í Ólafsdal

(1880-1907)

Bændaskólinn í Ólafsdal

Bændaskóli var rekinn í Ólafsdal í Gilsfirði 1800-1907 af Torfa Bjarnasyni. Innritaðir nemendur voru alls 154 og var um tveggja ára nám að ræða, bæði bóklegt og verklegt.

Heimildir

Játvarður Jökull Júlíusson. Saga Torfa Bjarnasonar og Ólafsdalsskóla : Nemendatal Ólafsdalsskóla 1880-1907. 1986. 290 blaðsíður, auk nemendatals cxxii blaðsíður.

Afhendingar

IS-HD-1990-3 Afh. Margrét Rögnvaldsdóttir frá Ólafsdal, 18. febrúar 1990. Mótt. Einar Kristjánsson. Kennslubækur frá Ólafsdal handskrifaðar af eftirtöldum nemendum; Hjálmar Jónsson á Ljósstöðum, Magnús Jóhannsson frá Höllustöðum, Þorgeir Þorgeirsson frá Höllustöðum, Samúel Eggertsson frá Skógum í Þorskafirði og Benedikt Magnússon í Tjaldanesi. Handritin varðveittust annars vegar í Skáleyjum og hins vegar í Mývatnssveit. 118 bls.

IS-HD-2017-23 Afh. Jón Georg Jónsson / Bjarni Ásgeirsson 15.12.2017. Mótt. Valdís Einarsdóttir. Kennslubækur Halldórs Jónssonar úr Ólafsdalsskóla 1894-1896.

IS-HD-1990-3-1 Bændaskólinn í Ólafsdal - kennslubækur

1. Athugasemdir um búskap og búreikninga eptir skólustjóra Torfa Bjarnason Ólafsdal. Uppskrifað í janúar 1888 af Hjálmar Jónssyni¹ frá Skútustöðum. Í bókinni er bréf frá Jóni Kr. Kristjánssyni² til Guðmundar Hjálmarssonar 16. desember 1958, þar sem Jón gefur Guðmundi syni Hjálmars ofangreinda bók.
2. Torfi Bjarnason: Um sáðjurtir. Uppskrifuð af Þorgeiri Þorgeirssyni³ frá Höllustöðum úr eigu Magnúsar Jóhannssonar⁴ frá Höllustöðum. 70 bls.
3. Þriðji kafli um Eðlisfa jutanna. Uppskrifuð af Benedikt Magnússyni⁵ í Tjaldanesi. Úr eigu Magnúsar Jóhannssonar á Höllustöðum.
4. Kennslubók úr Ólafsdal, um áveitur. Uppskrifuð af Þorgeiri Þorgeirssyni frá Höllustöðum í október 1887 í Ólafsdal. 57 bls.
5. Um sáðjurtir eptir skólustjóra Torfa Bjarnason í Ólafsdal. Uppskrifuð af Samúel Eggertssyni⁶ 1887 í Ólafsdal. 80 bls.

¹ Hjálmar Jónsson (1865-1952) búfræðingur, bóndi, verkstjóri og organisti. Bjó á Gautlöndum, en lengst af á Ljósstöðum í S-Þing. Varð tengdasonur Torfa og Guðlaugar í Ólafsdal. Nemandi í Ólafsdal 1887-1889.

² Jón Kristján Kristjánsson (1903-1989) bóndi, kennari og skólustjóri á Víðivöllum í Fnjóskadal.

³ Þorgeir Þorgeirsson (1962-1947) búfræðingur, bóndi, kennari og oddviti. Bjó lengst af á Höllustöðum í Reykhólasveit. Nemandi í Ólafsdal 1887-89.

⁴ Magnús Jóhannsson (1864-1955) búfræðingur og bóndi í Svefneyjum. Nemandi í Ólafsdal 1887-1889.

⁵ Benedikt Magnússon (1863-1927) búfræðingur, bóndi, kennari, kaupfélagsstjóri, sýslunefndarmaður, hreppstjóri og oddviti. Bóndi í Tjaldanesi í Saurbæ. Nemandi í Ólafsdal 1885-1887.

⁶ Samúel Eggertsson (1864-1949) búfræðingur, bóndi, kennari, skrautritari og kortagerðarmaður. Bjó á Stökkum á Rauðasandi, Ísafirði og síðast Reykjavík. Frá Naustum við Skutulsfjörð, ættaður frá Skógum í Þorskafirði. Nemandi í Ólafsdal 1887-1889.



IS-HD-2017-23-1 Bændaskólinn í Ólafsdal - kennslubækur

Kennslubækur Halldórs Jónssonar⁷ frá Hlaðhamri, síðar bónda á Kjörseyri í Hrótafirði.

1. Burtfararskýrteini 9. maí 1896. Laust blað A3 opna.
2. Um eðlisfar jurta eptir skólastjóra Torfa Bjarnason í Ólafsdal. Ár 1894-1896 skrifuð af Halldóri Jónssyni frá Hlaðhamri. Innbundin bók, 73 tölusettar bls.
3. Hagfræði eptir skólastjóra Torfa Bjarnason í Ólafsdal. Innbundin 128 tölusettar bls.
4. Um vatnaveitingar eptir skólastjóra Torfa Bjarnason í Ólafsdal. Innbundin, 140 tölusettar blaðsíður.
5. *Um jurtir*. Innbundin 228 tölusettar blaðsíður.
6. Um jarðveginn eptir skólastjóra T. Bjarnason Ólafsdal. Skrifað hefur Guðm. Sigurðsson í maí 1893. Innbundin, 112 tölusettar blaðsíður.
7. Praktisk geometri (udmálingslære) med landmáling og et tillæg om kubikrodudragning for amtskoler og folkehøiskoler samt andre videregående folkeskoler ved P.V.Br. Deinboll, overlærer ved Stord seminar. 5te udgave. Bergen C. Floors forlag 1894. Inbundin, 72 tölusettar blaðsíður, auk IV síður með lausnum.

⁷ Halldór Jónsson (1873-1948) frá Hlaðhamri í Hrótafirði. Búfræðingur frá Ólafsdal 1894-1896. Bóndi á Borðeyri 1906-1910, Kjörseyrarkvísulum 1914-1916 og Kjörseyri 1916-1948. Oddviti Bæjarhrepps yfir 30 ár og hreppstjóri í 15 ár.